

## Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

### 11. fundur stjórnar 22.02.2020

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon, Hafrún Olgeirsdóttir, Heiðbjört Ólafsdóttir, Áslaug Halldórsdóttir

#### Fundargerð

1. Staða á rekstri DA  
Framkvæmdastjóri fór yfir útkomuspá rekstrar fyrir árið 2019. Rekstur er heimilisins er í jafnvægi og rekstrarleg niðurstaða ársins verður skv. fjárhagsáætlun ársins.
2. Rekstraráætlun 2020  
Framkvæmdastjóri fór yfir drög að rekstraráætlun fyrir árið 2020. Reiknað er með svipaðri mönnun og komið var á sl. haust. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá endanlegri áætlun er byggja á þeim forsendur sem kynntar voru á fundinum.
3. Framkvæmdir á endurhæfingu  
Farið var yfir stöðu framkvæmda við endurhæfingu á jarðhæðinni í Hvammi sem áætlað er að klárast um mánaðarmótin febrúar/mars. Stjórnarmenn kynntu sér framkvæmdirnar og gleðst stjórn yfir því hve jákvæð breyting þetta verður fyrir þjónustuþega og starfsfólk endurhæfingarinnar. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar er um 25 mkr. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að lista yfir tækjabúnað sem nauðsynlegt er að fjárfesta í. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita eftir samstarfsaðilum um fjármögnun endurhæfingartækjanna í hinni nýju aðstöðu.
4. Hönnunarsamkeppni nýs hjúkrunarheimilis og næstu skref  
Formaður stjórnar upplýsti um stöðuna á ferli mála. Hönnunarsamkeppninni lýkur í byrjun mars og tekur þá við kynning á þeim tillögum sem borist hafa. Farið verður ítarlegar yfir málið á næsta fundi stjórnar í febrúar.
5. Húsnæðismál DA  
Almenn umræða fór fram um möguleg framtíðarnot Hvamms eftir að hjúkrunarheimilið verður reist og það tekið í notkun. Umræðunni verður áframhaldið á næstu fundum.

Fundi slitið kl 16:15.